



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja  
Markús Ingólfur Eiríksson, forstjóri

Reykjavík 11.01.2022

### **Efni: Framkvæmd PCR-sýnatöku á börnum.**

Umboðsmanni barna hafa borist þó nokkrar ábendingar er varða framkvæmd PCR-sýnatöku á börnum á starfsstöð heilsugæslunnar í Reykjanesbæ.

Þær ábendingar sem umboðsmaður barna hefur fengið snúa helst að eftirfarandi atriðum:

- Umhverfi sýnatökunnar er ekki barnvænt og tekur ekki mið af þörfum barna auk þess sem þröngt er um börnin og foreldra þeirra.
- Starfsmenn sem taka sýni af börnum eru ekki heilbrigðisstarfsmenn og hafa ekki fengið þjálfun í að eiga í samskiptum við börn.

Afar mikilvægt er að börn upplifi sig örugg og að aðstæður fyrir sýnatöku barna séu eins barnvænar og kostur er. Börn eru þjóðfélagshópur sem á rétt á sérstakri vernd og umönnun og hafa verður í huga að sýnataka og óvissa um niðurstöðuna getur valdið börnum miklum kvíða.

Ákjósanlegast væri að sýnataka barna færi fram á sérstöku svæði sem væri jafnframt aðskilið því svæði þar sem fram fer sýnataka fullorðinna og að hugað sé að því hvernig gera megi það umhverfi hlýlegt og barnvænt.

Þá er æskilegt að starfsmenn sem taka sýni úr börnum séu heilbrigðisstarfsmenn, eða hafi að minnsta kosti fengið þjálfun, sem geri þeim kleift að bregðast við vanlíðan og kvíða barna vegna sýnatöku með viðeigandi hætti. Umboðsmaður barna lýsir sig reiðubúinn til frekara samtals og samráðs um þetta málefni ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna